



Tölulegar upplýsingar 2010

	Fjöldi	Kg.	
	Dilkar	103.650	1.643.835
	Fullorðið	5.957	145.074
	D-Úrkast	230	0
	F-Úrkast	326	0
	Samtals:	110.163	1.788.909
	Fölöld	49	4.025
	Tryppi	7	729
	Hross	148	26.518
	Samtals:	204	31.272
	Kálfar	259	4.986
	Kýr	423	84.897
	Naut	469	113.687
	Samtals:	1151	203.569
	Svín	102	15.534

Meðalþyngd dilks: 15,86kg.
Meðaleinkunn gerð: 8,72
Meðaleinkunn fitu: 6,64



Ágætu bændur

Þann 29. október sl. lauk haustslátrun 2010 hjá Kjötafurðastöð KS. Óhætt er að segja að sláturtíð hafi aldrei gengið eins vel og nú. Margir samverkandi þættir ráða þar mest um og ber þá helst að nefna frábært starfsfólk, og gott samstarf við bændur um skiplagningu slátrunar. Markaðs- og sölumál gengu vel fyrir sig og mikill útflutningur var samhliða sláturtíð. Aldrei hefur verið slátrað jafn miklu og nú. Heildarslátrun nam rúmlega 110.000 dilkum og er aukning upp á rúmlega 7.600 dilka frá árinu á undan. Þess má einnig geta að aukning varð í slátrun hjá SKVH upp á 4.000 dilka og er því samanlagt kjötmagn þessara afurðastöðva yfir 3.200 tonn. Rúmlega tuttugu nýir innleggjendur lögðu inn hjá Kjötafurðastöð KS á þessu ári og skýrir það að hluta til aukningu sláturfjár en einnig hafa viðskiptavinir okkar á undanförunum árum verið að auka framleiðslu sína og er það afar jákvæð þróun.



Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS

Framsetning verðs virðist hafa skilað tilsettu markmiði, þ.e.a.s. nást hefur betri nýting á afkastagetu afurðastöðvarinnar. Þegar slátrun hófst 7. september voru sláturfjárloforð tæp 80.000 sem er meira en tvöföldun frá því sem við höfum séð áður í upphafi sláturtíðar. Í 5 vikur samfleytt var slátrað að jafnaði rétt um 3000 dilkum á dag og þegar upp var staðið, var slátrað 39 daga í sláturtíð með meðal slátrun upp á 2.811 dilkum á dag sem er mun betri árangur en síðasta haust eða sem nemur 260 kindum í meðal dagsslátrun og munar um minna. Þrepun verðs með þessum hætti mæltist misjafnlega fyrir hjá bændum og hefur afurðastöðinni borist margar athugasemdir og vangaveltur um þetta

fyrirkomulag. Það er sjaldnast svo að allir séu fullkomlega sáttir en það er vilji okkar hjá Kjötafurðastöð KS að stýra framleiðslunni á sem hagkvæmasta hátt og reyna eftir fremsta megni að gera það í sátt við sem flesta á hverjum tíma. Við teljum þó að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera en viljum hinsvegar fara vel yfir það með bændum hvernig við getum bætt það. Að því sögðu er vert að minna sauðfjárbændur á að nú þegar er hægt er að leggja inn pöntun fyrir sláturfjárloforð næsta hausts, hafi menn óskir um sérstakar vikur eða sláturdaga.

Útflutningur gekk vel í haust og nemur heildar verðmæti útflutnings á sauðfjárafurðum yfir milljarði á árinu frá Kjötafurðastöð KS og SKVH. Mikil eftirspurn hefur verið frá erlendum kaupendum og er ljóst að minnkandi framboð frá stærri framleiðsluþjóðum s.s. Nýja Sjálandi og Ástralíu sé farið að hafa áhrif á eftirspurnina og þá verð. Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst talsvert má segja að hækkun á heimsmarkaði hafi haldið í við þá þróun þannig að útflutningur skilar svipuðum tekjum milli ára. Það er ekki ástæða til annars en bjartsýni þegar horft er til vaxandi tækifæra í útflutningi



Heildarslátrun eykst um rúmlega 7.600 dilka milli ára hjá Kjötafurðastöð KS!

Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Starfsfólk Verslunarinnar Eyri



Opíð: mán. - fös. 8 - 18
Lau. 10-13 / S: 455 4610

Kjötafurðastöð KS

Eyrarvegi 20 - 550 Sauðárkróki
Sími: 455 4580 - Myndsendir: 455 4581
Ábyrgðarmaður: Ágúst Andrésson - Umsjón: Pétur Friðjónsson - Prentun: Nýprent





Útflutningslönd

*Svíþjóð
Holland
USA
Bretland
Spánn
Færeyjar
Rússland*

*auk nokkurra
landa í Asíu*

á sauðfjárafurðum. Allt útlit er fyrir að verð muni áfram hækka á heimsmarkaði og framboð dragast saman. Samstarf sláturleyfishafa í útflutningi á þessu ári hefur á margan hátt verið til fyrirmyndar þannig að í fyrsta sinn lítur út fyrir að heildarkvóti Íslands til útflutnings á EU svæðið sé nýttur til fulls á skynsamlegan hátt.

Sala á innanlandsmarkaði hefur gengið ágætlega á árinu, þó er þróunin sú að smá saman dregur úr neyslu lambakjöts. Hefur neyslumynstur Íslendinga breyst mikið þ.e. færst nær evrópsku sniði og hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er þetta þróunin. Þess vegna er það svo mikilvægt að útflutningurinn hafi náð að þróast á þann hátt sem raun ber vitni, það sem áður var talin kvöð, er nú litið á sem tækifæri! Það voru ekki margir sem höfðu trú á því að þetta myndi breytast og hvar stæðum við með sauðfjárræktina í dag ef aðstæður hefðu ekki snúist okkur í vil varðandi útflutning?

Við megum hinsvegar ekki gleyma því að innlendi markaðurinn er okkur afar mikilvægur og okkur ber að verja okkar hlut á þeim markaði. Við höfum velt því fyrir okkur í ljósi vaxandi áhuga bænda fyrir því að taka afurðir út úr sláturhúsum og selja sjálfir hvort í því felist tækifæri til að snúa vörn í sókn á innanlandsmarkaði? Allavega höfum við hjá Kjötafurðastöð KS tekið ákvörðun um það að skoða það sérstaklega og alveg fordóma-laust hvort slíkt samstarf við bændur geti skilað meiri árangri en það gerir í dag. Þó svo að búast megi við einhverjum samdrætti í sölu í vetur þá hefur birgðastaðan líklega aldrei verið betri, en útlit er fyrir að birgðir í landinu verði um 800 tonnum minni nú um áramót en var við síðustu áramót.

Árið hefur þó ekki gengið áfallalaust fyrir sig. Kjötafurðastöð KS var eitt átta fyrirtækja sem Samkeppnisstofnun tók sérstaklega til skoðunar vegna viðskipta við Haga og meints samráðs um smásöluverð. Stjórnarformaður Haga, drifin áfram af Arion banka sem er aðal eigandi Haga og eins og allir vita vinnur hörðum höndum að því að selja fyrirtækið, tók fram fyrir hendur starfsmanna sinna og skrifaði undir sátt Haga við Samkeppnisstofnun.

Þar með fékk Samkeppniseftirlitið vatn á sín milluhjól og bauð „sátt“ til þeirra fyrirtækja sem þeir höfðu til rannsóknar. Í tilfalli KS var sett fram tilboð uppá 50 milljónir, aðeins! Náðist að lækka þessa upphæð í 40milljónir með því skilyrði að skrifað yrði undir samþykki samdægurs. Málinu lauk með ákvörðun um að taka tilboðinu vegna ótta um að Samkeppnisstofnunin myndi ella setja enn hærri sekt á fyrirtækið. Lögin sem Samkeppnisstofnun styðst við tóku gildi 1.júlí 2005 en stofnunin hefur engar athugasemdir gert við þetta verklag fyrr en nú 5 árum síðar. Það sem stofnunin finnur að er að samskipti hafa átt sér stað milli okkar sem heildsala og Haga sem smásöluaðila um verðmerkingu, en eins og flest allir framleiðendur á matvöru þá höfum við annast verðmerkingu í áratugi eftir óskum smásöluáðilans og hvernig er það hægt ef ekki má tala um hlutina?? Jú það er hægt með því að merkja vöruna með þannig strikamerki að viðskiptavinur Bónus sér það ekki á vörunni hvað hún kostar, hann sér það á skilti fyrir ofan vöruna hvað kg verðið er og þarf svo að reikna út heildarverð vörunnar út frá upplýsingum um vigt hennar sem hann sér á umbúðum. Þetta kallar Samkeppnisstofnun hagsmuni fyrir neytendur! Neytendur verða þó ekki varir við þetta fyrr en 1. júní 2011 því stofnunin heimilar “glæpinn” þangað til. Það er ekki að ástæðulausu að þetta er rakið hér, það að búa við svona stjórnsýslu getur heldur betur komið við frumframleiðendur bæði þegar svona skellur er fenginn þá rýrir það getu til að greiða fyrir afurðir og eins stendur þessi stofnun í vegi fyrir frekari framþróun og hagræðingu í greininni. Þessu verður að breyta og við þurfum bændaförustuna í lið með okkur í því. Það er enginn sanngirni í því að stofnun

sem kennir sig við Samkeppniseftirlit kippi nokkrum fyrirtækjum út og setji á þau margra milljón króna stjórnvaldssekt með þessum hætti og sleppi öðrum, sem þó eru að gera nákvæmlega sama hlutinn.

Í fyrstu viku nýliðinnar sláturtíðar kom eftirlitsnefnd frá Evrópusambandinu og gerði úttekt á nokkrum afurðastöðvum og kjötvinnslum þar á meðal Kjötafurðastöð KS. Úttektin gekk nokkuð vel fyrir sig, þrátt fyrir að einungis væri búið að slátra í tvo daga og því ennþá verið að þjálfa starfsfólk. Helstu athugasemdir sem afurðastöðin fær eru á frystigeymslurnar en þær hafa enn ekki verið endurnýjaðar eða lagfærðar og uppfylla því að vissu leiti ekki nútímakröfur. 1.nóvember 2011 tekur endanlega í gildi nýja matvælalöggjöfin sem er í raun sú evrópska og verður það að teljast áhyggjuefni fyrir marga að svo langt sé gengið, ekki síst í ljósi þess að eftirlitsaðilar hér á landi þ.e. MAST eru engan veginn í stakk búnir til að framfylgja eftirliti samkvæmt nýu löggjöfinni. Hafa einfaldlega ekki efni á að sinna þessu.

Framkvæmdaáætlun 2011 fyrir Kjötafurðastöð KS er í smíðum og eru aðal áherslur á endurbætur á flæði afurða frá úrbeiningu, einnig smá lagfæringar í banaaðstöðu í slátursal. Ákveðið hefur verið að fara í samstarf við Nýsjálenska ráðgjafafyrirtækið Proand um áframhaldandi þróun og uppbyggingu afurðastöðvarinnar til næstu fimm ára. Sambærilegt og gert var árið 2003 og unnið hefur verið eftir síðan þá.

Nokkrir bændur nýta sér bústofnslán hjá KS og er það vel. Það er trú okkar að hægt sé að byggja upp sauðfjárræktina og auka hér framleiðslu talsvert án þess þó að ganga of langt. Þrátt fyrir allt þá hefur orðið þó nokkur endurnýjun í greininni á undanförunum árum og margir ungir framsýnir bændur komnir á fulla ferð með nýja sýn á greinina sem er nauðsynlegt til þess að framþróun verði. Það er vilji okkar að vinna með öllum aðilum sem vilja koma að eflingu greinarinnar, drifnir áfram af tiltrú á íslensku sauðkindinni og þeim tækifærum sem eru að opnast á mörkuðum út um allan heim.

Nautgriplátrun hefur verið með svipuðum hætti í ár, heldur minni þó en árið á undan og ræður mestu þar um takmarkað framboð sláturgripa. Sömu sögu er að segja um hrossa- og folaldslátrun hefur heldur orðið fækkun frá fyrra ári. Mikil eftirspurn er eftir nautgripakjöti á innanlandsmarkaði og einnig folaldakjöti en kjöt af fullorðnum hrossum hefur að mestu farið á markað í Rússlandi og er mikil eftirspurn eftir því þar. Kjötafurðastöð KS og SKVH hækkuðu verð til nautgripabænda 1.desember sl. og greiða nú hæsta verð fyrir nautgripi. Verð fyrir hross mun að öllum líkindum hækka frá og með næstu áramótum.

Á árinu voru tvær svínaslátranir hjá KS en um var að ræða gyltur til útflutnings. Tilraunir voru gerðar í gegnum sölusambönd KS, með útflutning á gyltu og grísakjöti til Kasahastan. Ástand á svínakjötsmarkaði fer batnandi með fækkun búa og vonandi að menn fái frið til að koma skikki á framleiðsluna án afskipta fjármálafyrirtækja og Samkeppniseftirlits þannig að greinin fari að standa undir sér og keppi á eðlilegum forsendum á markaði.

Kjötafurðastöð KS óskar bændum gleðilegra jóla og nýs árs og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

f.h Kjötafurðastöðvar KS
Ágúst Andrússon

*Hækkun á verði til
nautgripabænda
1.desember 2010*

*Kjötafurðastöð KS
flutti út svínakjöt til
Kazakhstan*

